

Atvinnumálahópur

Fundur var haldinn í Atvinnumálahópi hjá Reykjavíkurborg fimmtudaginn 25. mars 2010 í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnarbúð, og hófst fundurinn kl. 15:30

Mætt voru: Oddný Sturludóttir, Ellý Þorsteinsdóttir, Sóley Tómasdóttir, Sigurbjörg Sveinbjörnsdóttir, Markús H. Guðmundsson, Helga Björg Ragnarsdóttir, Sigurður Snævarr og Guðfinnur Þór Newman.
Hallur Páll Jónsson mannauðsstjóri og Helga Björg Ragnarsdóttir verkefnisstjóri mættu á fundinn.
Frá Vinnumálastofnun mættu: Karl Sigurðsson, Margrét Gunnarsdóttir og Unnur Sverrisdóttir.

Þetta gerðist:

1. Fulltrúar Vinnumálastofnunar mættu til að ræða samstarf og verklag milli VMST og Reykjavíkurborgar

Rætt um rammasamninga sem VMST hefur gert við aðrar stofnanir. Hugmynd um að koma þess háttar samstarfi á við Reykjavíkurborg með samstarfi milli VMST og Framkvæmda- og eignasviðs vegna viðhaldsverkefna. Hægt að nota Völundarverkefnið sem fyrirmynd.

Rætt um Vítamín verkefni Hins Hússins.

Til stendur á vegum ríkisstjórnarinnar að koma á laggirnar pott fyrir ungt fólk án bótaréttar (námsmenn).

2. Áætlanir fagsviða vegna sumarstarfa

Mannauðsstjóri lagði fram gögn yfir áætlanir sviða Reykjavíkurborgar vegna sumarstarfa.

Fulltrúar Atvinnumálahóps óskuðu eftir að fá sambærilegar tölur fyrir síðustu ár (2008 & 2009). Mannauðsstjóra falið að safna þeim saman.

3. Rapport vegna umsókna sem borist hafa til hópanna fjögurra.

Ellý fór yfir ferlið hjá virkniþópnum á Velferðarsviði sem hefur umsjón með 20 milljón króna pottinum. Guðfinnur fór yfir úthlutanir vegna 80 milljóna króna pottsins sem er innan sviða Reykjavíkurborgar. Farið yfir framvindu mála hjá 10 milljóna króna pottinum sem er í þágu fólks með fötlun. Að lokum voru lögð fram gögn frá verkefnisstjóra úthlutunarnefndar vegna ungs fólks (30 milljón króna pottur). Fram kom í máli fulltrúa hópanna að vinnu vegna fyrstu úthlutunar væri á lokastigi. Atvinnumálahópur telur mikilvægt að fram til næsta umsóknarfrests yrði ferlið skoðað og hnökrað af því sniðir af.

4. Breytingar á umsóknarfrestum.

Mannauðsstjóri kynnti hugmyndir um breytingu á umsóknarfresti úthlutunarnefnda. Jafnframt kynnti hann hvernig kynningu fyrir borgarráði yrði háttað vegna afgreiðslu úthlutunarhópanna fjögurra.

Fundi slitið kl. 17:00.